



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

## Leikskólinn Árborg

2024 – 2025



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# Efnisyfirlit

Leiðarljós .....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	6
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	7
4 Innra mat Grænaland.....	9
5 Innra mat Rauðaland.....	14
Umbótaáætlun Rauðalands .....	15
6 Innra mat Bláaland.....	18
Umbótaáætlun Bláalands .....	20
7 Innra mat sérkennslu.....	23
Mat á sérkennslu 2023-2024 .....	23
• EFI-2.....	25
• HLJÓM-2.....	25
• AEPS .....	26
• Smábarnalistinn .....	26
• Íslenski þroskalistinn .....	26
• TMT: (Tákn með tali) .....	26
• PECS.....	27
• TRAS.....	27
Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025.....	28
Endurmenntun starfsmanna í Árborg skólaárið 2023-2024.....	31
Sérkennslustjóri.....	31
Sérkennslustuðnings Kennarar .....	31
Innlegg og fyrirlestrar á skipulagsdögum fyrir alla starfsmenn .....	32
Deildarstjórar sóttu eftirfarandi fræðslu og námskeið:.....	32
Verkefnastjóri málörvunnar:.....	33
Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu eftirfarandi námskeið/ráðstefnur.....	33
8 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.....	35
9 Verkefni og hefðir í Árborg.....	38
Lubbi Finnur Málbein .....	38
Lubbi fer með heim; Verkefni á Rauða- og Bláalandi.....	38
Lubbahljóð Vikunnar.....	40
Tákn með tali (TMT).....	42

Sögugrunnur.....	43
Þjónn vikunnar.....	44
Íþróttir í Árborg.....	45
Ferilmöppur: Gátlisti, samhæfð vinnubrögð og minningasöfnun. ....	47
Vinafundir í Árborg .....	48
10 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	51
11 Foreldrasamvinna. ....	52
12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal. ....	55
Leikskóladagatal 2024-2025. ....	56
Umsögn foreldraráðs:.....	58

# Leiðarljós

Einkunnarorð leikskólans eru: **Samvinna - leikgleði - nám**

Markmið með uppeldisstarfinu er að efla alhliða þroska barnsins, þ.e. líkams- og hreyfiþroska, tilfinninga og vitsmunabroska, félags og málþroska ásamt sköpunarhæfni og siðgæðisvitund. Í starfi okkar viljum við leggja áherslu á að barnið sé ávallt í forgrunni. Að því líði vel og það fái að njóta sín á sínum forsendum. Það fái að læra af eigin reynslu í umhverfi sem ýtir undir áhuga þess og athafnapörf. Við leggjum mikla áherslu á málörvun í okkar starfi og fléttum henni inn í allt okkar starf með börnunum.

# 1 Greinargerð leikskólastjóra.

Síðasta skólaár var afar farsælt og við erum mjög stolt af þeim afrekum og framförum sem nemendur okkar náðu. Í október 2023 hóf Katrín störf sem nýr sérkennslustjóri, og höfum við verið ánægð með þá fagmennsku og metnað sem henni fylgja. Einnig tók Auður Gunnarsdóttir við stöðu aðstoðarleikskólastjóra. Hún þekkir starfið vel og hefur langa reynslu með starfshópnum, og erum við mjög glöð yfir því að hún fékk stöðuna.

Samvinna við foreldra var einstaklega góð á árinu, og hafa foreldrar tekið virkan þátt í skólastarfinu. Ýmsir viðburðir, eins og jólaball, sveitaferð, sumarhátíð, bóndadagskaffi og konudagskaffi, styrktu tengslin milli skólans og foreldra. Vikulegar myndir á Völu hafa einnig verið vel þegnar og stuðlað að enn betra upplýsingaflæði. Foreldraviðtöl voru haldin að hausti og vori, þar sem foreldrar sýndu mikinn áhuga á starfi leikskólans og voru almennt ánægðir með allt.

Stöðugleiki í starfsmannahópnum hefur verið mikill, sem hefur stuðlað að góðum árangri í starfi. Verkefnastjóri málörvunar hefur unnið af krafti að Lubba, TMT og vikulegum Vínafundum, og reglulegir fréttapóstar hafa tryggt gott upplýsingaflæði innan skólans. Reglulegar ferðir á bókasafnið og vikulegar íþróttastundir í íþróttahúsinu hafa verið stór þáttur í skólastarfinu og nemendur hafa notið sín vel í þessum stundum. Næsta skólaár mun halda áfram með þessa starfsemi og bæta við tveimur morgnum í Fylkisheimilinu, þar sem elstu árgangar munu fara í íþróttir, á meðan yngri árgangarnir verða áfram í íþróttahúsi Selásskóla.

Við horfum fram á næsta skólaár með tilhlökkun, full af metnaði og bjartsýni á frekari framfarir.

**Sigríður Valdimarsdóttir, leikskólastjóri.**

## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Markviss málörvun</b>	Á deildarstjórafundum og á skipulagsdegi.	Stjórnendateymi skólans, deildarstjórar, verkefnastjóri fjölmenningar og sérkennslustjóri.	Verkefnastjóri fjölmenningar og málörvunnar mun styðja við málörvun deilda og taka hópa á hverjum degi. Haldið áfram með Lubba, hópastarf, Tákn með tali og fleira sem hefur borið mikinn árangur.
<b>Hlutverk kennara í frjálsum leik.</b>	Á deildarstjórafundum.	Stjórnendateymi leikskólans.	Deildarstjórar þurfa að efla og hvetja sitt fólk enn betur, bæði inni og úti. Margir eru mjög virkir en alltaf má gera betur.
<b>Þjálfun nýrra starfsmanna.</b>	Fundir og samtöl með deildarstjórum.	Stjórnendateymi skólans.	Verkaskipting innan stjórnendateymis orðin skýrari, gögn aðgengileg, nýnemakynning okkar notuð og ný myndbönd frá SFS nú nýtt.

<b>Lestur alla daga fyrir alla nemendur.</b>	Skipulagsdegi og á deildarstjórafundum. Einnig á deildarfundum.	Allir starfsmenn leikskólans.	Mikil ánægja hjá bæði nemendum og starfsmönnum, lestur eykur meðal annars orðaforða, ímyndunarafl.
--	---	-------------------------------	--

### 3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
<b>Upplýsing aflæði eftt enn frekar.</b>	Tíðari og öflugri upplýsingaflæði.	Vikulegir fréttapóstar sendir á alla foreldra.	Deildarstjórar og verkefnastjóri fjölmenningar og málörvunnar, Elín Huld.	Septemember 2024	Í lok skólaárs, þetta er átal sem á við allt skólaárið.	Á deildarstjórafundum.	Að ná að senda alltaf vikulega fréttapósta.
<b>Myndir af leik og starfi í Völu app.</b>	Að allir foreldrar séu að fá myndir af starfi á	Hver deild setur inn myndir á Völu 1x í viku.	Deildarstjórar.	Septemember 2024.	maí 2025	Á deildarstjórafundum og skiulagsdögum.	Að hver deild setji inn myndi

	deild síns barns.						r í hverri viku.
Daglegur bókalestur, sögur, vísur og pulur.	Lestur eflir m.a.orðaforða, hlustun og ímyndunarafl og erum við mjög dugleg að lesa.	Að virkja aftur pulur og vísur á öllum deildum.	Deildarstjórar.	Septembar 2024.	Maí 2025.	Á deildarfundum hverrar deildar.	Að haldið sé utanum skráningu svo að hægt sé að endurmeta
Uppeldis- og menntastarfið							
Að sungið sé með nemendum á hverjum degi.	Sungið í samverustund 2x á dag ásamt því að syngja á vikulegum Vínafundum á föstudögum.	Að syngja fjölbreytt lög með hreyfingu, táknum og dansi.	Deildarstjórar.	Septembar 2024.	Maí 2025.	Á deildarfundum hverrar deildar.	Að haldið sé utanum skráningu svo að hægt sé að endurmeta.
Mannauður/ Leikskólabragur							



	Að hafa gaman saman utan vinnu. Við erum sterkur hópur.	Árlegri sumarbúst aðarferð hausts haldið áfram.	Skemmtin efndin.	Sept 2024	Maí 2025	Á skipulagsdegi á haustönn.	Að sem flestir starfsmenn fari með.
Innra mat							
	Að brjóta upp daginn.	Að taka inn hópefli	Stjórnendateymið.	1x á haustönn.	1x á vorönn	Í lok dags á þeim skipulagsdegi.	Að við hlæjum saman og að allir taki þátt.

## 4 Innra mat Grænaland.

Á liðnu skólaári var unnið vandað og flott starf sem einkenndist af gleði, útsjónarsemi og jákvæðni. Skipulagt starf fór vel af stað síðasta haust, og aðlögun nýrra barna og foreldra gekk vel í ágúst og september. Á Grænalandi voru tveir árgangar, 2020 og 2021, samtals 14 börn, þar sem fjórir nemendur héldu áfram hjá okkur úr eldri árgangi. Allir voru fljótir að ná áttum, finna sig í nýjum aðstæðum og mynda öryggistengsl við kennara og umhverfi.

Málörvun var einn af aðal umbótaþáttum vetrarstarfsins, og gekk almennt vel að fylgja markmiðunum. Unnið var með Lubbastundir, könnunarleik og Sólskinstundir, þar sem börnin tóku virkan þátt. Farið var með þulur, spilað spil og sungin lög sem krakkarnir elska. Einnig var lögð mikil áhersla á samræður og lestur, þar sem börnin hlustuðu á sögur. Við notuðum TMT (Tákn með tali) í okkar daglega starfi til að auka máltjáningu hjá öllum börnum, sérstaklega þeim tvítyngdu, bæði í leik, söng og við matarborð, og börnin lærðu það fljótt. Í október hófum við verkefnið Bókaorm, og foreldrar á Grænalandi stóðu sig mjög vel og voru duglegir að lesa fyrir börnin sín heima. Einnig kynntum við verkefnið „þjónar vikunnar,“ þar sem börnin lærðu að vera hjálpsöm og sjálfstæð.

Í desember var mikið um listir og jólaföndur. Til dæmis voru piparkökur málaðar, og foreldrum boðið uppá að njóta þeirra á jólaballinu okkar; nemendur voru spenntir að fá að bjóða upp á piparkökur sem þau sjálf höfðu skreytt. Tveir hressir og skemmtilegir Jólasveinar komu í heimsókn og skemmtu öllum á ballinu, þar sem allir höfðu gaman. Gaman var að sjá mjög góða mætingu foreldra og systkina á jólaballið. Jólin voru svo kvödd á þrettándanum, og Þorrinn tók við, þar sem krakkarnir fengu að smakka þorramat. Allir þjuggu til víkingakórónur sem þeir settu upp á hátíðlegum þorra vinafund. Við sungum saman þorralög, vísur og þulur, kennarar sýndu nemendum gamlan rokk, ask og Eva mætti í íslenskum þjóðbúning; þessi tími einkenndist af fræðslu sem blandaðist gamla tímanum og nútímanum til samanburðar. Á öskudegi mættu börn og kennarar í búningum og var mikið fjör. Köttur var sleginn úr tunnunni, sungið var og skemmt sér á sameiginlegu balli í skólanum.

Í mars var nemendum skipt í þrjá hópa og fóru með eldri börnum af öðrum deildum á bókasafnið í Árbæ, þar sem þau hlustuðu á sögur, hjálpuðu til við að ganga frá bókum og fengu stimpil fyrir; ferðir á bókasafnið vöktu mikla lukku meðan allra nemenda og starfsmanna líka. Vinafundirnir voru haldnir einu sinni í viku, þar sem börnin hittu vini sína og systkini frá öðrum deildum alla föstudaga og er það hefð sem við munum halda áfram með. Við fengum aðgang að Íþróttahúsi Selásskóla, sem við nýttum einu sinni í viku. Það var bæði skemmtilegt og gagnlegt að fá aukið rými til hreyfingar og var það tilhlökkunarefni í hverri viku að fara í íþróttir. Settar voru upp ýmsar þrautabrautir, tónlist spiluð og börnin lærðu hina ýmsu leiki. Við munum áfram fara í íþróttir í hverri viku á komandi skólaári.

Tvö foreldraviðtöl voru tekin á skólaárinu, hið fyrra að hausti og hið seinna svo að vori, og gengu viðtölin mjög vel. Foreldrar voru mjög ánægðir og var það sérlega gaman að fá að deila framförum nemenda með foreldrum og einnig dásamlegt fyrir starfsmenn að fá ótal hrós í sinn garð frá foreldrum; við leggjum mikið upp úr miklum og góðum samskiptum við foreldra og finnum hvað það skilar sér margfalt.. Í apríl og maí byrjuðum við kennararnir að nota TRAS, sem er aðferð til að skrá niður mál- hreyfi- og félagsproska hvers nemanda og fylgjumst þannig betur með þroska framvindu þeirra í leikskólanum. Grænaland átti frábært skólaár.



Hér má sjá fallega sjálfsmynd

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?
Lubbastund	Leggja áherslu að efla málörvun.	Hlustað á Lubbahljóð vikunnar. Hlustað á lögin og skoðað lubbakassa með hlutum sem byrja á því hljóði. Klappa atkvæði.	Deildarstjóri og starfsmenn á deild.	Septem ber 2024	Maí 2025	Skráning í bók. Myndataka, myndbönd.
Sólskinstund	Leggja áherslu á að efla málörvun og sjálfstæð.	Unnið í litlum hópum einu sinni í viku. Börnin hlusta sögu, skoða myndir og svara spurningum. Leggja áherslu á sjálfstæð t.d. að klæða sig.	Deildarstjóri og starfsmenn á deild.	janúar 2024	Júní 2025	Skráning í bók, myndataka og ræða á deildarfundum um hvernig gekk og hvað má breyta í því.
Gefðu 10	Að starfsmenn beiti markvisst virkri hlustun í samskiptu	Hver starfsmaður á deild ræður a.m.k. 10 á dag við barnið,	Allir starfsmenn og deildarstjóri.	Ágúst 2024	Júní 2025	Skráningarblað að á tíðni hvaða börn og starfsfólk gefa og fá „10“. Umræða á

	m við börnin.	spila, spjalla og leika með .				deildarfundum.
Íþróttasal	Leggja áherslu á að efla grófhreyfinngu og líkamsstöðu barnanna.	Fara einu sinni í viku í íþróttahús til að styðja við hreyfifærni.	Allir starfsmenn á deild.	September 2024	Júní 2025	Myndataka og umræða á deildarfundum.
Nota Tákn með tali í daglegu starfi.	Barnið lærir að nota tákn til að tjá sig.	Leggja áherslu á að nota TMT í daglegu starfi í matartíma, samverustund og í fataherbergi.	Deildarstjóri og starfsmenn á deild.	September 2024	Júní 2025	

## 5 Innra mat Rauðaland.

Skipulagt starf hófst vel síðasta haust, og aðlögun nýrra nemenda gekk mjög vel. Á Rauðalandi voru 19 nemendur, fæddir árin 2018 til 2020. Gréta Ósk Harðardóttir tók við deildarstjórn Rauðalands, og starfsfólk deildarinnar, sem er reynslumikið, sýndi góða samvinnu á milli allra.

Samstarf milli deilda var, eins og áður, mjög gott. Elstu tveir árgangarnir á Rauða- og Bláalandi voru saman í skipulögðu starfi, þar sem elsti árgangurinn var saman í matartímum, kaffitímum, útikennslu, íþróttahúsi og skólastundum. Elstu nemendurnir tóku einnig þátt í Barnamenningarhátíð í Hörpunni í samstarfi við Tónskóla Sigursveins. Bónða- og konudagskaffi voru á sínum stað og fóru vel fram.

Málörvun var stunduð öllum stundum, meðal annars í gegnum spil, lestur, leiki og í samverustundum. Lestur fyrir nemendur hefur verið stór hluti af okkar starfi, og hvert tækifæri nýtt til lesturs. Við lærðum þulur, fórum með rím og sungum mikið.

Lubbastundir hófust að nýju undir stjórn Elínar Huldar, þar sem nemendur lærðu mörg hljóð og höfðu mjög gaman af. Einnig fengu nemendur litla Lubba bangsa með sér heim yfir helgi og sögðu svo frá heimsókninni í samverustund á mánudögum.

Þrátt fyrir að sögugrunnurinn hafi ekki hafist eins og til stóð, þá er áætlað að byrja á honum næsta haust. Tákn með tali var mikið notað, sérstaklega fyrir matartímann. Elsti árgangurinn fór í Þjóðleikhúsið síðasta haust og á tónleika með Sinfóníunni. Í vor fóru þau í Borgarleikhúsið. Nemendur höfðu aðgang að íþróttahúsi Selásskóla og fórum við þangað einu sinni í viku. Útivera var stunduð tvisvar á dag, hvort sem það var í garðinum okkar eða í gönguferðum.

Elstu nemendurnir fóru í útskriftarferð í Vatnaskóg, sem er árlegur viðburður og samstarfsverkefni á milli foreldrafélagsins og kennara skólans. Þessi ferð er skipulögð ár hvert og er alltaf eftirminnilegur dagur fyrir alla þátttakendur. Ferðin er kostuð af foreldrafélaginu til helminga við foreldra útskriftarnema. Elstu nemendurnir fóru einnig í heimsóknir í bæði Árbæjarskóla og Töfrasel og fengu þar að kynna Árbæjarskóla. Foreldraviðtöl fóru fram fyrir og eftir áramót, og gekk það vel. Foreldrar voru mjög ánægðir með ferlið.



Mynd tekin í Vatnaskógi, útskriftarferð 2024.

## Umbótaáætlun Rauðalands

UMBÓTA ÞÁTTU R/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lok ið	Hvernig metið/aðf erðir?	Viðmið um árangur
Lubbastu nd	Leggja áherslu á að efla málörvu n.	Kynntum lubbahljóð vikunnar og unnum með það á fjölbreyttan hátt. Lubbi fór með heim einu sinni á önn.	Verkefna stjóri, deildarstj óri og starfsfólk á deild.	Sept 2023	Maí 202 4	Metið einu sinni á önn á deildarfu ndum	Efla hljóðkerfis vitund og sjálfsörygg i

Nota tákn með tali í daglegu starfi	Nemendur læra að nota tákn með tali	Halda áfram að leggja áherslu á notkun TMT í daglegu starfi	Deildarstjóri og starfsfólk á deild.	Sept 2023	Notað allt af	Nemendur hafa mikið unnið með TMT í þjónastörfum og verður því haldið áfram.	Á að efla sjálfsöryggi barna og efla máltjáningu
Sögugrunur - námstæki til sögugerðar	Námsefni í reynir á alla þætti máls og máltjáningar	Hugsað fyrir næst elstu börnin og tekið fyrir í fámennum hópum	Ekki búið að ákveða.	Sept 2024	Júní 2025	Skráning eftir hverja stund og starfsfólk upplýst.	Að efla málþroska og frásagnarhæfni barnanna, vekja áhuga á ritmáli og tengslum sköpunarhæfni.
Gefðu 10 - Virk hlustun	Að starfsfólk séu meðvitað að beita virkri hlustun í samskiptum við nemendur.	Höldum áfram að fara eftir gefðu 10	Allir starfsmenn.	Er alltaf	Er allt af	Skráninga rblað sem inniheldur tíðni, hvaða börn og hvaða starfsmaður gefur 10.	Að starfsfólk hafi yfirsýn yfir hæfni barna og virki þau til þátttöku í leik og starfi.
Málörvun - Fjölmenni	Hæfniráttur í íslensku fyrir fjölyngd	Markvissar málörvunarstundir með blandaða hópa		Það var ekki farið af		Matsblöð sem fylgja efninu þar sem tekin er staða	Gefa þeim tækifæri til að leika með tungumáli



	börn. Styðja við framfarir barna sem læra íslensku sem annað mál.	fjöltyngdra barna af báðum eldri deildum.		stað með þetta verke fni.		hvers barns miðað við aldur og veru þess á landinu.	ð á virkan hátt og taka framförum bæði í skilningi og tjáningarf ærni,
--	---	--	--	---------------------------------------	--	--	--



Hér má sjá fallega mynd af Tuma og Þorbirni Bóa. Hér hefur Tumi, útskriftarnemandi gróðursett fallega Birkitréið sem leikskólinn færði honum að gjöf í útskriftinni. Móðir þeirra sendi okkur þessa fallegu mynd.

## 6 Innra mat Bláaland.

Skipulagt starf hófst vel síðasta haust, og aðlögun nýrra nemenda gekk mjög vel. Á Bláalandi vorum við með 16 nemendur í þremur aldurshópum, fæddir 2018, 2019 og 2020. Vegna aðstæðna voru færri nemendur en áður, en við vorum vel undirbúin og tilbúin til að taka við þeim í haust. Samstarf milli deilda var, eins og áður, mjög gott. Árgangarnir unnu saman í skipulögðum stundum og ýmsum verkefnum. Foreldraviðtölin í nóvember gengu vel.

Málörvun var stunduð í öllum stundum, þar á meðal í sögustundum, spilastundum, samverustundum, í fataklefa og við matarborðið. Farið var með þulur, rím og sungin lög, og lagt var orð á allt. Einnig voru skipulagðar Lubbastundir undir stjórn eins starfsmaður, sem tók á móti eldri og yngri hópum deildanna. Nemendur tóku mjög vel í þetta og þátttaka þeirra var virk. Unnið var með Lubbahljóðin á deildunum, og nemendur fengu Lubba með sér heim yfir helgi. Foreldrar skráðu í Lubbabók hvað var gert með Lubba, og nemendur sögðu frá eftir helgina. Þetta gekk vel og verður haldið áfram.

Ætlunin var að hefja vinnu með sögugrunni, en það tókst ekki vegna veikinda starfsmanns og annarrar manneklu. Við stefnum að því að byrja á sögugrunni næsta haust. Tákn með tali var mikið notað til að auka máltjáningu hjá öllum nemendum, sérstaklega tvítyngdum, bæði við matarborðið, í söng og leik. Þó gekk það vel, er áfram unnið að því að bæta. Unnið var með „Gefðu 10“ og gekk það vel, en þarf að bæta úr skráningu. Þetta verkefni verður áframhaldandi í haust.

Vinafundir voru haldnir á föstudögum, og Bókaormur var í boði einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Foreldrar voru hvattir til að lesa fyrir nemendur sína. Í desember fór fram jólaföndur þar sem piparkökur voru málaðar og jólaball haldið. Foreldrar voru boðnir á ballið til að njóta piparkaka sem nemendur höfðu skreytt. Einnig var farið í Hallgrímskirkju í tilefni jóla. Jólin voru kvödd og Þorrinn tók við með verkefnum tengdum gamla tímann, víkingakórónur gerðar og þorramatur smakkaður. Sungin voru þorralög og farið með þulur og þæfð ull.

Bóndadagskaffi var haldið, og feðrum og öfum boðið í kaffið. Öskudagur var haldinn að venju, þar sem nemendur mættu í búningum og köttur var sleginn úr tunnu.

Konudagurinn var einnig haldinn, þar sem ömmum og mömmum var boðið í kaffi og kleinur.

Útivera var stunduð alla daga, bæði í stuttum og lengri gönguferðum, auk annarra krefjandi verkefna, sem gekk vel. Útikennsla var einnig á sínum stað og nemendur voru mjög ánægðir með það. Við höfum haft aðgang að íþróttahúsi Selásskóla og nýttum það einu sinni í viku.

Elstu nemendurnir tóku þátt í skólastundum með báðum deildum og unnu að ýmsum verkefnum. Málþroskaskimunin Hljóm-2 var framkvæmd á elstu nemendunum fyrir áramót. Allir hópar fóru í Bókasafnið tvisvar og hlustuðu á sögur þar. Þetta gekk vel og verður haldið áfram. Við fengum afnot af íþróttahúsi Selásskóla, sem við nýttum í hverri viku.

Samstarf við Árbæjarskóla og Töfrasel var haldið óbreyttu fyrir elstu nemendurna. Þeir fóru í Borgarleikhúsið, Þjóðleikhúsið og á Sinfóníutónleika. Þeir tóku einnig þátt í árlegri Barnamenningarhátíð í samvinnu við Tónskóla Sigursveins. Allir foreldrar mættu á viðburðinn í Hörpu, þar sem nemendur voru spariklæddir og stóðu sig einstaklega vel eftir vel æfðar æfingar yfir veturinn. Elstu nemendurnir fóru í árlegu, heilsdags útskriftarferðina í Vatnaskóg og voru allir mjög sáttir.

Foreldrasamstarfið var mjög gott, og foreldrar voru boðnir í viðtöl í nóvember og maí. Sumarhátíð var haldin á gömlu leikskólalóðinni okkar í Hlaðbæ, þar sem við vorum sérlega heppin með veður. Gríðarlega góð mæting foreldra og systkina gerði hátíðina eftirminnilega. Við fengum veitingar, andlitsmálun og skemmtun, sem bætti enn frekar við gleði og ánægju á viðburðinum.

## Umbótaáætlun Bláalands

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi finnur málbein	Leggja áherslu á að efla málörvun	Kynnir Lubbahljóð vikunnar og vinna með það á fjölbreyttan hátt. Lubbi fer heim með 1x á önn. Unnið með frásögn sem styrkir sjálfsmynd. Mynd tekin og sett í ferilmöppu.	Deildastjóri og starfsmenn á deild..	Sep 2024	Júní 2025	Metið 1x á önn á deildarfundum.	Efla hljóðkerfi svitund og ritmál. Styrkja sjálsöryggi og framkomu. Fleiri áskoranir þegar líður á verkefnið..
Nota táknið með tali í daglegu starfi	Börnin læra að nota táknið til að ýta undir tal. Gagnast börnum með málörðuleika og þeim sem	Virkja starfsfólk til að nota T.M.T með barnahópnum, s.s í skipulögðum stundum.	Deildarstjóri og starfsmenn.	Sep 2024	Júní 2025	Leggjum áherslu á einn flokk í einu t.d. Fatnað, fjölskyldu, heimilið o.fl.	Styrkja mál tjáningu barnanna og styrkja starfsfólk sem fyrirmynd.

	eru fjartyngd.						
Sögugrunnur	Námsefni reynir á alla þætti máls og mál notkunnar. Framburður. Orðaforða og setninga gerð. Eflir ímyndunarafl og sköpunarhæfni.	Hugsað fyrir næst elstu börnin. Takið fyrir í fámennu máli. Orðaforða og setninga gerð. Eflir í myndunarafl og sköpunarhæfni.	Sá sem sér um stundina og deldastjóri.	Jan 2025	Júní 2025	Skráning eftir hverja stund. Aðrir starfsmenn upplýstir.	Að efla málþroska og frásagnarhæfni barnanna. Vekja áhuga á ritmáli og tengslum talmáls.
Gefðu "10" Virk hlustun	Að starfsmenn séu meðvitað að beita virkri	Innleiða "Gefðu 10" á deildinni. Notaðu leiðbeiningabækling	Allir starfsmenn og deildastjórnarleiðingarnir verki			Skráningarblaðið tíðni hvaða börn og starfsfólk fái og gefa "10"	Að starfsfólk hafir yfirsýni yfir

	hlustun í samskiptum við börnin.	ing.	ð.			Umræða á deildum.	hæfni allra barna og virki
Málörvun Fjölmenningar	Hæfnisrættur í íslensku fyrir fjöltyngd born. Styðja við framfarir barna sem læra íslensku sem annað mál.	Markvissar máliörvunar stundir með blandaðum hópum fjöltyngdra barna af báðum eldri deildum. Einnig skipulagðar sögustundir.	Elín sér um sundirnar.	Sep 4	Júní 2025	Matsblöð sem fylgja efninu þar sem tekin er staða hvers barn miðað við aldur og very þess á landinu.	Gefa þeim tækifæri til að leika með tungu málið á virkan hátt og taka framförum bæði í skiningi og tjáningu afærni.

## 7 Innra mat sérkennslu.

### Mat á sérkennslu 2023-2024

<p><b>Skipulagning sérkennslu</b></p> <p><b>Hvernig var sérkennslan skipulögð;</b></p> <p>Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með?</p> <p>Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur?</p> <p>Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi?</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl.?</p>	<p>Nýttar eru bæði aðferðir úr hugmyndafræði <b>Atferlisþjálfunar</b> og einnig úr <b>TEACCH</b> hugmyndafræðinni.</p> <p>Já! Öll börn sem njóta stuðnings fengu uppfærða einstaklingsáætlun sem unnin var með hliðsjón af niðurstöðum úr <b>AEPS</b> fyrirlögn og með ráðgjöf sérkennsluráðgjafa/hegðunarráðgjafa.</p> <p>Einstaklingsáætlanir gera ráð fyrir bæði einstaklings vinnustundum og vinnustundum sem fara fram samþættar deildarstarfinu. Mikil áhersla var lögð á yfirfærslu inn í allt deildarstarf og að þjálfun fari líka fram í smærri barnahópum til að efla félagsfærni og leikþjálfun og tryggja inngildingu barna með stuðning. Þá var nýtt rými tekið í notkun fyrir vinnustundir, þ.e. kennslustofa sem tilheyrir frístund Sélásskóla og er hún með margvíslegum leikföngum og efniviði, stóru rými og efnivið sem er mjög hentugt til þjálfunar.</p> <p>Sérkennslustjóri fór reglulega inn á deildarfundum til að tryggja að allt starfsfólk deilda væri inni í málefnum barna með stuðning og fengi tækifæri til að spyrja spurninga.</p> <p>Allir stuðningsaðilar fengu sínar vinnumöppur sem innihalda einstaklingsnámskrá barns, skammtíma - og langtímamarkmið og skráningarblöð til að skrá framfarir, hvenær markmiðum er náð og aðrar athugasemdir. Einnig fengu allir stuðningsaðilar sína stundatöflu þar sem fram komu vinnustundir og áhersluatriði í þjálfun yfir daginn.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b></p>	<p>Ákveðið var að innleiða matstækið <b>TRAS</b> og hefur fyrsta fyrirlögn verið kynnt foreldrum á yngstu</p>

<p>Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl. Sjá skilgreiningu á matstækjum neðar.</p>	<p>deildinni, Grænalandi, en við munum innleiða þetta inn á allar deildar eftir því sem börnin færast upp um deild. Þá munu allir deildarstjórar sækja réttindanámskeið <b>TRAS</b> í haust 2024. Sérkennslustjóri og verkefnastjórinn okkar eru nú þegar með <b>TRAS</b> réttindi.</p> <p>Notast var við <b>AEPS</b> færni matslistann við gerð einstaklingsnámskráa.</p> <p><b>Hljóm-2, málproskaprófið</b> var notað á elsta árgang einu sinni á haustönn og svo afturnemma á vorönn ef þörf er á..</p> <p><b>Orðaskil, Íslenski þroskalistinn og smábarnalistinn</b> eru einnig matstæki sem eru notuð í leikskólanum okkar.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b></p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Margvíslegt námsefni var notað, <b>PECS</b>, sjónrænt dagskipulag fékk mikið vægi og bæði sett nýtt inn á allar deildir og nemendur með stuðning fengu sitt eigið sjónræna dagsskipulag.</p> <p>Efniviður inni á deildum var margvíslegt og fjölbreytt og er endurnýjað eftir þörfum, <b>Tákn með tal</b> er einnig notað á öllum deildum ásamt námsefninu; <b>Lubbi finnur málbein.</b></p> <p>Töluvert mikið af leikföngum var keypt til að styðja enn betur við hlutverkaleik og félagsfærniþjálfun, t.d. Smíða- og læknisdót, snyrtidót, búðarkassar og matardót, litlar brúður og loðtöflusögur, allt sem nýta má á margvíslegan hátt í þjálfun og málörvun barna með stuðning og auðvitað allra barna í skólanum.</p> <p>Einnig voru keypt gögn sem styðja við vitsmunapróska, grófi-og fínhreyfiþroska, t.a.m. pinnar og bretti, spil og bækur. Þá voru körfuboltar og fleiri boltar keyptir sem stuða að samhæfingu sjónar og handar og bættum grófhreyfiþroska. Þá var mikið keypt af boxum til að koma betra skipulagi á gögn sem tilheyra sérkennslu, þannig að tiltæk séu gögn sem hægt er að grípa auðveldlega í fyrir vinnustundir og aðra þjálfun;</p>



	<p>kennarar eru kappsamir við að efla aðgengi og auka skipulag svo að tíminn nýtist sem allra best.</p> <p>Stuðningskennarar fengu að kaupa inn námsgögn fyrir sína nemendur við þeirra hæfi og eftir þeirra áhuga, það hafði mjög jákvæð og valdeflandi áhrif á kennarana að vera treyst fyrir því verkefni.</p> <p>Þá fengum við <b>Íslenska máhljóðakassinn</b> í hús á vordögum sem mun verða nýttur mikið inn í sérkennslu.</p> <p><b>Íslenska máhljóðakassinn</b> er kennslutæki sem hjálpar börnum að læra og skilja íslensk máhljóð á skemmtilegan hátt. Kassinn inniheldur ýmis konar efni, eins og hluti og myndir, sem tengjast máhljóðunum. Börnin fá tækifæri til að skoða, hlusta og tengja saman hljóð og orð, sem eflir málþroska þeirra og styrkir undirstöðu þeirra í lestri og tali. Þetta er gagnlegt verkfæri fyrir leikskóla og grunnskóla til að vinna með máhljóð og auka orðaforða barna á fjölbreyttan hátt.</p>
--	--

### Hér kemur stutt lýsing á matstækjum sem notuð eru í Árborg, Matstæki:

- **EFI-2:** EFI-2 er málþroskaskimun sem metur málskilning og máltjáningu barna á 4. ári. Þetta próf er hannað til að greina snemmbær merki um mál- og talörðugleika, sem getur verið lykilatriði til að tryggja að börn fái þann stuðning sem þau þurfa. Í Árborg var EFI-2 áður notað fyrir alla nemendur á þessum aldri. Nú mun TRAS (Tengslamálþroskapróf) aðallega vera notað til að meta málþroska, og EFI-2 verður nú aðeins notað sem stuðningstæki fyrir kennara, ekki fyrir alla alla nemendur. TRAS tekur við sem aðalverkfæri í þessum skimunum..
- **HLJÓM-2:** HLJÓM-2 er aldursbundið málþroskapróf sem metur hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans. Prófið er hannað til að greina

snemmbær merki um lestrar- og málörðugleika og er því mikilvægur þáttur í að undirbúa börn fyrir grunnskólanám. Í Árborg er HLJÓM-2 lagt fyrir alla nemendur tvisvar sinnum á síðasta skólaári þeirra í leikskóla, til að tryggja að hægt sé að grípa inn í ef þörf er á frekari stuðningi.

- **AEPS:** AEPS-matskerfið (Assessment, Evaluation, Programming System for Infants and Children) er hagnýtt verkfæri sem notað er til að meta þroska og færni ungra barna. Það hjálpar kennurum og foreldrum að búa til einstaklingsmiðaðar námskrár sem stuðla að þroska og námi hvers barns, með áherslu á að mæta sértækum þörfum þeirra.
- **Smábarnalistinn:** Smábarnalistinn er verkfæri sem notað er til að meta mál- og hreyfiþroska barna á aldrinum 15 mánaða til 38 mánaða. Listinn safnar upplýsingum frá foreldrum barna til að fá dýrmæta innsýn í hvernig börnin þeirra þroskast á þessum mikilvæga tíma. Með því að nota þessa aðferð, getur fagfólk og foreldrar betur fylgst með þroska barnsins og greint hugsanlega þörf fyrir frekari stuðning eða úrræði.
- **Íslenski þroskalistinn:** Íslenski málþroskalistinn er verkfæri sem notað er til að meta þroska þriggja til sex ára barna. Upplýsingar eru fengnar frá mæðrum barnanna til að fá heildstæða mynd af málþroska þeirra. Með þessum lista er hægt að greina styrkleika og veikleika í málþroska barna og þar með styðja þau betur í þeirra málþroskaferli.
- **TMT: (Tákn með tali)** er tjáningarform sem er ætlað heyrandi einstaklingum sem glíma við mál- og talörðugleika. Í TMT eru notuð látbragð, svipbrigði, tákn og talað mál til að auðvelda samskipti og tjáningu. Þetta fallega og fjölbreytta kerfi hjálpar börnum að tengjast umhverfi sínu og ná betur til þeirra sem umgangast

þau daglega, með því að nota tákn sem styðja við orðin. Þótt TMT sé sérstaklega hannað fyrir börn með málörðugleika, njóta öll börn góðs af því að læra táknið, þar sem þau auka skilning, stuðla að betri samskiptum og styrkja félagsfærni í hópnum.

- **PECS:** (The Picture Exchange Communication System) er myndrænt samskiptakerfi, sérstaklega ætlað börnum á einhverfurófi sem eiga erfitt með að tjá sig með tali. Þetta kerfi hjálpar þeim að nota myndir til að eiga í samskiptum og tjá þarfir sínar á auðveldari hátt.
- **TRAS:** TRAS er norskt málþroskamat sem metur málþroska barna á aldrinum tveggja til fimm ára í daglegum aðstæðum. Markmiðið er að greina snemma frávik í málþroska og styðja við snemmtæka íhlutun. Kennarar fylgjast með og skrá málskilning, máltjáningu og félagsleg samskipti barnsins. TRAS er notað til að tryggja að börn fái nauðsynlegan stuðning til að bæta málfærni sína, í samvinnu við foreldra og leikskóla.

## Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025.

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	He fst	Lo ki ð	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðm ið um áran gur
<b>Lausnat eymi</b>	Lausnateymi fer yfir stöðu þeirra barna sem þarfnast íhlutunar og leggur niður áætlun ásamt fulltrúa skólalábjónustu.	Settir verða niður fastir fundir til að tryggja þeir fari fram, tveir á haustönn og tveir á vorönn.	Sérkennslustjóri	Að ha ust i 20 24	Að vo ri 20 25	Íhluunaráætlanir lagðar niður með skriflegum markmiðum á milli funda, fundargerð skráð. Samtöl tekin og farið yfir stöðuna.  Framfarir barna með íhlutunaráætlun skráðar á milli lausnateymisfunda.	Endurmat gert að vori 2025.
<b>Fastir fundir</b>	Þeir aðilar sem sinna stuðning á	Settir verða niður fastir	Leikskólastjóri og	Að ha	Að vo	Fundargerðir verða	Endurmat

<b>sérdeildar</b>	öllum deildum fái fasta fundi ásamt sérkennslustjóra til að fara yfir stöðu mála og miðla upplýsingum.	fundir sérdeildar þannig að sérdeild rúllar á móti öðrum deildum skólans.	sérkennslustjóri	ust i 20 24	ri 20 25	ritaðar til að halda vel utan um mikilvægar upplýsingar og markmið sett niður á milli funda. Þannig er hægt að fara yfir hvort markmið hafa náðst og ef ekki þá hægt að rýna hvað er til úrbóta.	gert að vori 2025.
<b>Einstaklingsnámskrá</b>	Tryggja að deildarstjórar og aðrir starfsmenn deilda hafi yfirsýn yfir markmiðeinstaklingsnámskráa, yfirsýn yfir hvernig vinna fer fram í vinnustundum og fái góða fræðslu um börn sem njóta stuðnings til að tryggja samfellu í	Deildarstjórar og aðrir deildarstarfsmenn fá kynningu á einstaklingsnámskrá frá stuðningi og hvað verið er að leggja inn í vinnustundum og hvaða markmið eru inni á deild.	Sérkennslustjóri, deildarstjórar, stuðningsaðilar og deildarstarfsmenn.	Að ha ust i 20 24	Að vo ri 20 25	Skráningar í einstakling smöppur barna með sérþarfir, hver sér um vinnustundir.  Skráningar á hver ber ábyrgð á hvaða markmiðum yfir	Endurmat gert að vori 2025.

	<p>stuðningi við barn.</p>	<p>Deildarstjórnar og aðrir starfsmenn fari reglulega með stuðningi inn í vinnustundir.</p>			<p>tiltekið tímabil.</p> <p>Farið yfir á deildarfundum og deildarfundum sérdeildar.</p>	
--	----------------------------	---	--	--	---	--



# Endurmenntun starfsmanna í Árborg skólaárið 2023-2024.

## Sérkennslustjóri sótti eftirfarandi námskeið á skólaárinu:

- TEACCH
- Efi-2
- PECS framhaldsnámskeið
- PMTO Grunnmenntun
- AEPS
- Náttúruleg kennsla

## Sérkennslustuðnings Kennarar sóttu eftirfarandi námskeið:

- **PECS framhaldsnámskeið:**

PECS er myndrænt boðskiptakerfi sem notað er til að hjálpa börnum með takmarkaða eða enga talmálshæfni, svo sem börnum með einhverfurófsröskun, að tjá sig. Kerfið byggir á því að börnin nota myndir til að mynda setningar og hafa samskipti við aðra. Börnin læra að velja myndir sem tákna hlutina eða athafnir sem þau vilja, og með því að skipta myndunum út, geta þau auðveldlega og markvisst tjáð óskir sínar og þarfir. PECS er sérstaklega hagnýtt við að bæta boðskiptahæfni og stuðla að virkni í daglegu lífi..

- **Náttúrulega kennsla:**

Náttúruleg kennsla er aðferð þar sem lögð er áhersla á að nýta umhverfi og náttúru sem námsefni. Með því að tengja námsefnið beint við náttúrulegar aðstæður, eins og útivist, náttúruferðir og daglegt umhverfi, geta nemendur lært í gegnum beinar upplifanir og athuganir. Þetta eykur áhuga og skilning þeirra á náttúru og umhverfi og stuðlar að

dýrmætum reynsluheim. Náttúruleg kennsla felur í sér aðferðir sem virkja öll skynfæri og bjóða upp á fjölbreyttar námstækifæri í raunverulegum aðstæðum.

## Innlegg og fyrirlestrar á skipulagsdögum fyrir alla starfsmenn:

- Í janúar 2024 fengum við Önnu Grétu Guðmundsdóttur til að halda fyrirlestur um mikilvægi frjálsa leiksins í leikskóla.
- Mars 2024 - Anna Gréta Guðmundsdóttir kom aftur síðar með framhalds fyrirlestur þar sem hún fjallaði um hlutverk kennarans í frjálsa leiknum, ræddi um kveikjur, flæði og mikilvægi þess að leikurinn fái nægt rými. Anna Gréta benti á að fastir liðir, eins og samverustundir, geti oft rofið dýrmætan leik sem börnin eru að njóta. Við ræddum um möguleg skref sem leikskólinn getur tekið til að veita leiknum meiri vægi og rými. Miklar umræður sköpuðust í starfsmannahópnum og náði Anna Gréta að kveikja mikinn áhuga hjá starfsmönnum um frjálsa leikinn.
- Flestir starfsmenn hafa lokið ýmsum fyrirlestrum og námskeiðum í gegnum TORGIÐ, endurmenntunarvef Reykjavíkurborgar.

## Deildarstjórar sóttu eftirfarandi fræðslu og námskeið:

- Gréta Ósk Harðardóttir, deildarstjóri á Rauðalandi sótti **leikskólaliðanám** í fjarnámi allan síðasta vetur ásamt Heiðrúnu Söru, Halldóru Salómínu og Christine Lindu, starfsmönnum leikskólans. Þær halda áfram á komandi skólaári og voru virkilega ánægðar með námið.
- Ilona María, deildarstjóri á Grænalandi sótti háskólanám er nefnist **Íslenska sem annað tungumál**. Hún stóð sig virkilega vel í náminu og mun halda áfram á komandi skólaári.
- Deildarstjórnir okkar þrír Ingibjörg, Ilona og Gréta Ósk fóru á námskeið er nefnist **Stjórnendapjálfun**. Þær hafa lokið tveimur skiptum af fjórum og halda þær áfram í haust, námskeiðið er á vegum Reykjavíkurborgar.



- Deildarstjórnarnir okkar þrír hafa skráð sig á heilsdags námskeið í **TRAS** nú í haust og munu þær í samvinnu við verkefnastjóra málörvunar og sérkennslustjóra leggja fyrir og fylla út *TRAS* skráninguna fyrir sína nemendur.

### Verkefnastjóri málörvunnar:

- Elín Huld Halldórsdóttir sótti tvö námskeið hjá Endurmenntun Háskóla Íslands. Fyrri námskeiðið heitir; **Markvissar aðgerðir í kjölfar TRAS**.
- Seinna námskeiðið heitir; **Árangursrík málörvun**.

Elín Huld hefur réttindi til að leggja fyrir málproskaprófið **Hljóm - 2** og einnig réttindi til að nota **TRAS**, skráningu á málproska.

### Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri sóttu eftirfarandi námskeið/ráðstefnur:

- **ECERA 2023 – Cascais, Portúgal, Ráðstefna:**

ECERA 2023 fór fram í Cascais, Portúgal, og sameinaði fræðimenn, kennara og sérfræðinga frá Evrópu til að ræða nýjustu rannsóknir og þróun í leikskólakennslu. Ráðstefnan bauð upp á fjölbreyttar kynningar, vinnustofur og umræður um nýjar aðferðir, rannsóknarniðurstöður og stefnumál. Ráðstefnugestir höfðu tækifæri til að tengjast, deila skoðunum og ræða framtíð leikskólakennslu saman.

- **Ráðstefnan "Hvað er góður skóli? Gæðastarf í leik- og grunnskólum á mannamáli",**

Haldin á Akureyri í apríl 2024, var tileinkuð umræðu um hvernig má efla gæðastarf í leik- og grunnskólum. Ráðstefnan bauð upp á fyrirlestra, vinnustofur og umræðuhópa þar sem sérfræðingar og þátttakendur ræddu bestu aðferðir, nýjungar og góðan skóla.

Markmiðið var að deila þekkingu, skoðunum og lausnum um hvernig skapa megi árangursrík og örugg námsumhverfi fyrir börn og ungmenni.



## 8 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn.

### Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagni sem úthlutað var til leikskólans vegna fjöltyngdra barna var ráðstafað til ýmissa verkefna og úrræða sem miða að því að bæta málörvun og stuðning við þessi börn. Verkefnastjóri sá um að skipuleggja og fylgja eftir þessum verkefnum, og mun einbeita sér að því að styrkja málörvun fjöltyngdra barna á komandi skólaári. Þetta felur í sér þróun og framkvæmd sérhæfðra aðferða og úrræða til að tryggja árangursríkt nám og vöxt fyrir öll börn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já, markviss vinna með daglegan orðaforða er í fyrirrúmi. Verkefnastjóri (Elín Huld) veitti stuðning við deildir í málörvun og kynnti og keypti námsefni til notkunar í vinnu með málörvun. Elín fylgir verkefninu eftir með því að útbúa eyðublöð til skráningar á verkefninu „Gefðu 10“ á deildum. Kennarar eru virkir og meðvitaðir um mikilvægi þess að leggja orð á athafnir, og í kennslunni er einnig mikið spilað við nemendur.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Við leggjum mikla áherslu á að dýpka orðaforða barna í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum stundum. Við höfum sett saman bókakassa með vönduðu lesefni fyrir eldri deildir, sem við skiptum út á tveggja vikna fresti og hefur gefist vel. Lesstundir fyrir elstu nemendur innihalda framhaldssögur, ígrundun, teikningu og skrif úr sögunni. Auk þess

	læra öll börn leikskólans þulur og fá nýja þulu í hverjum mánuði.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Í vor var ákveðið að taka TRAS, skráningu á málþroska, á öllum börnum skólans. Byrjuðum á Grænalandi og höldum áfram í haust. Getum þannig fylgt eftir fjöltyngdu börnunum og börnum með slakan málþroska. Þurfum að taka hæfniramma meira inní mat.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við erum meðvituð um alla þætti í læsisstefnu leikskóla og vinnum markvisst að því að huga að öllum þessum þáttum. Við leggjum áherslu á virka hlustun og tjáningu nemenda í daglegum samræðum, með daglegum lesstundum, söng og þulum. Ritmál er gert sýnilegt í umhverfinu og hvert barn fer vikulega í Lubbastund í litlum hópum. Vínafundir eru haldnir á föstudögum þar sem allir nemendur leikskólans koma saman. Verkefnastjóri sér um að skipuleggja þessar stundir með áherslu á málörvun, tilfinningar, styrkleika, þátttöku og áhuga barna.

## Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025.

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSÞÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
	Skipta í málörvun arhópa eftir getu og stöðu skv. Hæfnirö mmum. Taka mið af niðurstöð um úr TRAS og HLJÓM-2. og styðja við þau börn sem þurfa.	Verkefnastj óri mun sjá um að skipta í hópa, skipuleggj a málörvuna rstundir og fylgja þeim eftir. Kynna okkur flæð ilestur og e.t.v. innleiða það verkefni. Færa Lubbastun dir í hendur deilda. Höldum áfram að skrá Gefðu 10. Vinafundir þar sem allir njóta sín.	Elín Huld Halldórs dóttir, verkefna stjóri fjölmen ningar og málörvu nar.	15.9 '24	Lýkur aldrei en verður endur metið í maí '25	Með Hæfniröm munum, HLJÓM-2, TRAS, EFI- 2, skráningu Gefðu 10 og mati starfsfólks deilda á stöðu barns.	Betra vald á öllum sviðum íslensku nnar.

## 9 Verkefni og hefðir í Árborg.

### Lubbi Finnur Málbein.

Lubbi, fjárhundur sem hjálpar nemendum að læra íslensk máhljóð á skemmtilegan hátt, er hluti af málörvunaráætlun leikskólans okkar. Allir nemendur kynnast Lubba, Lubbalögunum og máhljóðum vikunnar, sem eru aðlöguð að aldri og þroska hvers hóps. Bókin um Lubba, sem er ætlað börnum á aldrinum tveggja til sjö ára, inniheldur stuttar sögur, vísur og lög um hvert máhljóð, ásamt geisladiskum. Hver deild hefur sinn Lubbabangsa sem er alltaf með nemendum í Lubbastundum. Námsefnið verður áfram notað í leikskólanum okkar til að styrkja málörvun og hljóðanáms.


### Lubbi fer með heim; Verkefni á Rauða- og Bláalandi.


Á Rauða- og Bláalandi er mikið lagt upp úr skapandi verkefnum sem stuðla að málþroska og þátttöku nemenda. Eitt slíkt verkefni er „Lubbi Finnur Málbein“ og síðan okkar nýjasta viðbót, verkefnið „Lubbi með Heim“. Verkefnið hefur reynst mjög vinsælt og árangursríkt meðal nemenda og ætlum við því að halda ótrauð áfram á komandi skólaári.

Verkefnið „Lubbi með Heim“ er hluti af okkar árlega starfi sem skiptist í tvær annir. Á hverju skólaári fær hver nemandi tækifæri til að taka Lubba og Lubbabókina í merktri tösku með sér heim í viku hverri, yfir helgi. Lubbi er vinsæll sveitahundur sem nemendur fá að taka með sér heim, ásamt bók þar sem foreldrar og nemendur skrá stutta frásögn um það sem Lubbi gerði með þeim um helgina. Það getur verið allt frá bíltúrum, heimsóknnum til ömmu eða spennandi gönguferðum.

Þegar nemandinn kemur aftur í skólann eftir helgina, kynnir hann í samverustund hvað Lubbi hefur gert með þeim yfir helgina. Þetta gefur öllum nemendum tækifæri til að deila upplifunum sínum og læra meira um félagsleg samskipti, öðlast hugrekki og æfingu í að tala fyrir framan hóp. Til að auka enn frekar þátttöku og gleði, senda foreldrar 1-3 myndir til deildarstjóra af Lubbaheimsókn sinni, sem síðan eru prentaðar út og límdar í bókina af deildarstjóra.

„Lubbi með Heim Verkefnið“ hefur reynst vel við að styrkja málþroska og samfélagslega færni nemenda, þar sem það krefst þess að nemendur útskýri og lýsi því sem þeir hafa gert, auk þess sem það stuðlar að fjölskyldutengslum og virkni foreldra í námi barna sinna. Með því að gefa nemendum tækifæri til að deila sínum eigin frásögnum og myndum með hópnum, verður verkefnið ekki aðeins lærdómsríkt heldur einnig skemmtilegt og örvandi.






Hér er sýnishorn ú Lubbabók

### LubbaHljóð Vikunnar.

LubbaHljóð vikunnar er nálgun sem stuðlar að aukinni samvinnu á milli deilda og er kynnt fyrir öllum börnum einu sinni í viku í Lubbastund. Allar deildir vinna með sama LubbaHljóð. Yngsta deildin, Grænaland, vinnur verkefnið á í takt við aldur nemenda og kynnir Hljóðin og bókstafina, hlustar á Lubbalögin og læra börnin að þekkja sinn staf og táknið sem honum fylgir. Börnin merkja sinn stað í samverukrök með Lubbabeini.



Þessi aðferð vekur mikinn áhuga barna sem læra fljótt að þekkja tákni og hljóð. Eldri börnin vinna með tákni og hljóð, tengja þau við orð og nöfn og nota Lubbox, sem inniheldur hluti sem byrja á viðkomandi hljóðum. Börnin njóta þess að leita að upphafshljóðum hlutanna. Eldri deildir hlusta einnig á Lubbasögur og söngva, þar sem kennarar tengja námsefnið við fjölbreytt efni eins og landafræði og annað áhugavert.



Svona lítur Lubbahljóð vikunnar út, hangir í forstofu leikskólans.



Lubbabein



Hvert hljóð á sitt Lubbox.

## Tákn með tali (TMT).

**Tákn með tali (TMT)** er tjáningarform sem er sérstaklega ætlað heyrandi einstaklingum sem glíma við mál- og talörðugleika. TMT byggir á því að nota látbragð, svipbrigði, tákn, og tal saman til að auðvelda samskipti og auka skilning. Með því að tengja tákn og orð við daglegar athafnir, hjálpar TMT einstaklingum að tjá sig á áhrifaríkan hátt, jafnvel þó að þeir eigi erfitt með að nota hefðbundið talmál.

Í Árborg hefur stór hluti starfsfólks sótt heilsdagsnámskeið með Sigríði Grendal, einum af frumkvöðlum TMT. Þessi þjálfun hefur reynst mjög vel og stefnt er að því að halda áfram að nýta og þróa þessa aðferð til að bæta samskipti og stuðla að aukinni þátttöku allra barna í leikskólastarfinu.



hjálpa



takk



borða

## Sögugrunnur.

Höfundar efnisins eru þær Guðrún Sigursteinsdóttir og Rannveig Oddsdóttir. Við búum svo vel í okkar leikskóla að hafa kennara sem þekkja efnið vel og iða í skinninu yfir því að hefjast handa.

Frásagnir eru góð leið til að efla málþroska því það að segja sögu reynir á flesta þætti máls og málnotkunar. Námsstækinu Sögugrunni er ætlað að styðja við sögugerð barna og auðvelda kennurum og uppalendum að vinna með og efla málþroska þeirra á markvissan hátt. Námsstækið er hjálparhella við sögugerð en býður auk þess upp á marga möguleika til að vinna með tungumálið, skoða uppbyggingu þess og formgerð. Hægt er að kynna sér efnið enn frekar á netinu undir kennsluleiðbeiningar - Sögugrunnur.



Mynd af sögugrunninum okkar.

## Þjónn vikunnar.

Verkefnið „Þjónn vikunnar“ hefur verið hluti af okkar daglega starfi og hefur sannað sig sem frábært leið til að kenna nemendum ábyrgð, félagsfærni og samstarf. Á hverju skólaári fá tveir nemendur á hverri deild að vera „Þjónar vikunnar“ í viku í senn. Allir nemendur á hverri deild fá tækifæri til að vera þjónar einu sinni á haustin og einu sinni á veturnar eða vorin.

Þjónar vikunnar fylgja kennaranum sínum í eldhúsið þar sem þeir fá hádegismatinn á vagni frá eldhúsinu. Þeir útskýra síðan, bæði með táknum og orðum, hvað er í matinn fyrir nemendum á þeirra deild þann daginn. Þetta er gert með því að nota Tákni með Tali til að tryggja að allir nemendur skilji hvað er í boði og viti þeir með því hvað er í matinn.

Auk þess að útskýra hvað sé í matinn fyrir nemendum, hjálpa Þjónar vikunnar einnig við að leggja á borð. Þetta felur í sér að setja diska, glös og hnífapör á borðið og undirbúa matartímann.

Verkefnið „Þjónar vikunnar“ er mjög vinsælt og eftirsótt meðal nemenda. Það stuðlar að því að nemendur læri að taka þátt í félagslegum verkefnum, þjálfí samskiptahæfni sína og átti sig á mikilvægi þess að vinna saman. Það veitir þeim einnig dýrmæt tækifæri til að þroska sjálfstæði og ábyrgð í daglegu lífi.

**Þjónar vikunnar 30.10 - 03.11**



**Maria Zofía og Unnar Leó**

## Íþróttir í Árborg.

Á síðasta skólaári höfðum við þann frábæra möguleika að nýta íþróttahús Selásskóla einu sinni í viku. Þeir nemendur sem tóku þátt í íþróttatímum þar nutu þess virkilega mikið. Allur nauðsynlegur búnaður var til staðar, svo sem boltar, þrautir, húllahringir og mörk. Þetta gaf nemendum dýrmæt tækifæri til að hreyfa sig og þróa ýmsar íþróttafærni í skemmtilegu og fjölbreyttu umhverfi. Verkefnið var mjög vel heppnað og við ætlum að þróa það enn frekar í framtíðinni.

Á komandi skólaári bætast tveir morgnar við í íþróttastarf okkar, sem er frábær viðbót. Við höfum fengið aðstöðu í Fylkisheimilinu, þar sem tveir eldri árgangar fá hvor sinn dag til að nýta aðstöðuna. Á þessum dögum mun stundum verða gengið í Fylkisheimilið og stundum farið í strætó. Við erum afar þakklát og spennt fyrir þessari nýju viðbót, þar sem aukin hreyfing er nauðsynleg. Þessi viðbót er sérstaklega mikilvæg vegna þess að aðstæður okkar í Selásskóla eru takmarkaðar hvað varðar útisvæði. Með þessari auknu aðstöðu í Fylkisheimilinu bætum við úr þessu og veitum nemendum enn fleiri tækifæri til að hreyfa sig og njóta íþróttastarfsemi.

Við hlökkum til að sjá framfarir í hreyfingu og íþróttum næsta skólaár og teljum að þessi nýja aðstaða muni styrkja íþróttastarf okkar enn frekar.





## Ferilmöppur: Gátlisti, samhæfð vinnubrögð og minningasöfnun.


Í byrjun skólaársins setti stjórnunarteymi skólans sig niður til að yfirfara hvernig við vildum þróa og samhæfa Ferilmöppur okkar, ásamt því að samræma vinnubrögð allra deilda. Ferilmöppur eru hluti af gamalli hefð í Árborg og við höldum áfram að nýta verkefnið til að tryggja stöðugleika og samfellu í fræðslunni okkar.

Ferilmöppur fylgja nemendum frá upphafi leikskólagöngu þeirra og fram að útskrift. Þessar möppur innihalda gátlista sem hjálpa okkur að fylgjast með og meta framfarir nemenda á hverju stigi. Mappan er ekki aðeins tæki til að safna upplýsingum um námsframvindu heldur einnig til að halda utan um mikilvægar upplýsingar um hvern nemanda, þar á meðal þeirra styrkleika og áhugasvið.

Auk þess að vera tæki til að fylgjast með námsframvindu, eru ferilmöppurnar einnig minningamappa. Í möppunum er að finna til dæmis árlega teiknaða sjálfsmynd, ýmis fönðurverkefni, handaför, hópmyndir og fleiri persónulegar minningar sem fara í möppuna. Þetta gerir möppurnar að dýrmætum safni sem endurspeglar persónulegan þroska og viðburði í lífi nemenda í leikskólanum.

Við notum ferilmöppurnar til að tryggja að öll vinnubrögð séu samhæfð og að allar deildir vinni verkefnið eins.

Þó að ferilmöppurnar séu hefðbundnar, erum við alltaf að aðlaga okkur að nýjum tíðum og tímum. Við stefnum á að uppfæra og bæta við verkefnum eftir þörfum til að tryggja að ferilmöppurnar haldi áfram að vera gagnlegar. Með þessari nálgun viljum við tryggja að hver nemandi fái viðeigandi stuðning og að námsferli þeirra sé vel skráð og metið á hverju stigi, á sama tíma og við verndum minningar og fögnum persónulegum framförum þeirra.



Hér má sjá mynd af möppum einnar deildar, hver nemandi á sína möppu.

## Vinafundir í Árborg.

Á síðasta skólaári var áfram unnið með verkefnið Vinafundir í Árborg, sem er nú fastur liður í starfsemi leikskólans. Vinafundirnir fara fram á Rauðalandi hvern föstudagsmorgun. Þar koma saman allir nemendur og allt starfsfólk til að læra, njóta, upplifa og hafa gaman í vikulok.



Markmið Vínafundanna er að ýta undir góðvild, hjálpsemi og samkennd meðal nemenda og starfsfólks. Þetta verkefni veitir börnunum tækifæri til að hitta vini sína frá öðrum deildum og styrkir félagshæfni, sjálfsöryggi, sjálfstraust og sjálfsmynd. Vínafundirnir skapa mikilvæga tengingu og stuðla að jákvæðu andrúmslofti í leikskólanum. Á vínafundum er sungið, dansað, nemendur sína söng- og leikatriði, afmælisbörn fá að koma upp á svið og sungið er fyrir þau.

Menning Vínafundanna fellur vel að grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla, auk þess sem þeir styðja grunnþætti Menntastefnu Reykjavíkurborgar, þar á meðal félagsfærni, sjálfseflingu, læsi, sköpun og heilbrigði. Vínafundirnir hefjast og enda eins og ramar það inn Vínafundinn. Dagskráin byrjar með ákveðnu upphafslagi síðan stýrir verkefnastjóri málörvunar ferðinni með fjölbreyttri dagskrá, tekin er svo dansstund og endað á slökun þar sem allir liggja, slökkt eru ljósir og rólegt lag spilað.

Vínafundirnir endurspegla fjölbættingu leiksins, námsins og starfsins í fjölmenningslegu samfélagi leikskólans Árborgar. Þeir eru kjörinn vettvangur til að styrkja tengsl á milli deilda og leggja inn nýjar hugmyndir í leikskólastarfið. Vínafundirnir eru því mikilvægur þáttur í því að skapa heildstætt og samheldið námsumhverfi fyrir alla nemendur.



Hér má sjá myndir teknar af starfsmönnum á þorranum.



Hér má sjá mynd sem tekin er á bóndadagskaffi leikskólans.

## 10 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.

Starfsmannasamtöl fara reglulega fram yfir skólaárið, en sérstök samtöl um starfsþróun eru haldin einu sinni á ári á skrifstofu leikskólastjóra. Í þessum samtölum er lögð áhersla á líðan starfsmanna og starfsöryggi, og starfsmenn fá fyrirfram spurningar tengdar áhersluatriðum samtalsins til að undirbúa sig. Leikskólastjóri heldur þessi samtöl á hverju vori.

Deildarstjórar sjá um samtöl við sína starfsmenn og meta þörf og innihald hvers samtals í samræmi við aðstæður og í samvinnu við nýjan starfsmann. Reynslan hefur sýnt okkur að fleiri styttri samtöl reynast betur en fá lengri samtöl, sérstaklega fyrir nýja starfsmenn sem taka á móti miklum upplýsingum fyrstu vikunnar.

Nýtt starfsfólk fær tækifæri til að horfa á fræðslumyndbönd á vinnutíma, sem fjalla um mikilvæga þætti eins og málörvun, kraft hróssins, kraft þess að knúsa, og mikilvægi fyrstu ára barns, einnig ljúka þeir rafrænu skyndihjálparnámskeiði. Þetta eykur öryggi og fræðslu nýrra og óreyndra starfsmanna. Við hvetjum nýja starfsmenn til að sækja námskeið til að auka þekkingu sína.

Við notum einnig ný fræðslumyndbönd frá SFS (Samband íslenskra sveitarfélaga). Allir starfsmenn fá aðgang að innri fræðsluvefnum Torginu, þar sem þeir, nýir sem reyndir, geta nálgast gagnlegt fræðsluefni fyrir leikskólastarfsmenn. Síðan eru vikuleg samtöl með deildarstjóra þar sem nýir starfsmenn geta spurt spurninga og rætt efni myndbandanna eða annað sem þeir vilja ræða.

Eftir fyrstu 2-4 vikur er haldið samtal milli nýs starfsmanns og deildarstjóra til að fara yfir gang mála og líðan. Deildarstjóri fer einnig yfir nýliðakynningu leikskólans með nýjum starfsmanni, sem er skipt upp í 2-3 hluta til að tryggja að ekki sé farið yfir of mikið í einu. Starfsmanninum er alltaf gefinn tími til að spyrja spurninga.

Fyrstu vikuna fær nýr starfsmaður einn reyndan starfsmann sem aðalþjálfara, en deildarstjóri sér um að fylgja þjálfun eftir.

Nemendur í elsta árganginum heimsóttu bæði Árbæjarskóla og frístundamiðstöðina Töfrasel. Þessar heimsóknir veittu nemendum dýrmæt innsýn í bæði grunnskólann og frístundastarfið sem bíður þeirra. Samstarf milli skólanna í hverfinu hefur verið mjög gott, og við stefnum á að halda því áfram. Þó að ekki allir nemendur hafi verið skráðir í Árbæjarskóla, tóku allir 12 útskriftarnemendur okkar á móti kærkomnum opnum örmum. Nemendum var einnig boðið á leiksýningu í Árbæjarskóla, sem var vel heppnuð. Erna Bryndís, forstöðukona Töfrasels, tók þátt í skilafundi milli leik- og grunnskóla sem haldinn var í júní, ásamt deildarstjórum. Samstarfið hefur verið mjög árangursríkt, og við munum áfram byggja á því.

## 11 Foreldrasamvinna.

Í leikskólanum Árborg leggjum við mikla áherslu á að efla og viðhalda góðu samstarfi við foreldra. Árangursrík samskipti milli starfsfólks og foreldra eru grundvöllur þess að tryggja að nemendur fái besta mögulega stuðning og umönnun. Við viljum að allir foreldrar finni að þeirra raddir eru mikilvægar og að þau taki virkan þátt í leikskólastarfinu.

Til að efla þessa samvinnu höldum við reglulega fundi með foreldrafélagi leikskólans. Á þessum fundum hittast foreldrar til að ræða leikskólastarfið, koma með hugmyndir, fara yfir stöðuna og ræða mögulegar breytingar og umbætur. Þetta eru dýrmætir fundir þar sem allir fá tækifæri til að taka þátt og hafa áhrif á þróun og skipulag skólastarfsins.

Á skólaárinu voru ýmsir viðburðir haldnir sem styrkja tengslin á milli foreldra, barna og leikskólans. Á jólaballinu sem við höldum árlega fá foreldrar og börn tækifæri til að njóta saman í jólaskapi og skapa minningar. Sveitaferðin er annar vinsæll viðburður þar sem fjölskyldur fara saman á Hraðastaði í Mosfellsdal og njóta samveru í náttúrunni, einnig var frábær mæting í ár. Víða hafa foreldrafélög leikskóla séð alfarið um sveitaferð og eru hugmyndir um að næsta vor taki foreldrafélag yfir umsjóð sveitaferðar; það verður skoðað betur með foreldrafélagi skólans.

Sumarhátíðin, haldin á gömlu góðu leikskólalóðinni okkar í Hlaðbænum, er annar stór viðburður sem laðar að sér fjölskyldur nemenda. Þar sameinast foreldrar, systkini og börn í gleði og leikjum.

Útskriftarferð elstu nemenda í Vatnaskóg markar mikilvæg tímamót í lífi þeirra, og foreldrar eru virkir þátttakendur í að gera þessa ferð að eftirminnilegum áfanga, samstarfsverkefni með foreldrafélaginu.

Barnamenningarhátíðin er einnig sérstakur viðburður þar sem öllum foreldrum er boðið að koma og sjá árangur barna sinna á frábærum viðburði í Hörpu. Þetta er einstakt tækifæri til að sjá hæfileika og vinnu barnanna blómstra og var 100% mæting foreldra á viðburðinn. Við munum að sjálfsögðu skrá okkur og taka þátt aftur á komandi skólaári.

Við höldum einnig Bóndadagskaffi og Konudagskaffi þar sem feður, afar, mæður og ömmur fá tækifæri til að koma í leikskólann, njóta kaffisopa og samveru með börnunum sínum í afslöppuðu og skemmtilegu umhverfi, gaman var að sjá að mæting á þessa viðburði var einstaklega góð á liðnu skólaári og munum við endurtaka leikinn á komandi skólaári.

Opið hús að vori er árlegur viðburður þar sem foreldrar fá tækifæri til að heimsækja leikskólann og sjá hvernig starfið hefur gengið yfir skólaárið. Þetta er dýrmætt tækifæri til að sjá leik og nám barna sinna í fullum gangi og einnig tækifæri fyrir nemendur að fá að sýna foreldrunum vini sína, kennara og verkefni sín í skólanum.

Á hverju skólaári fara fram tvö foreldraviðtöl fyrir hvert barn, þar sem foreldrar og kennarar fara yfir stöðu barnsins, ræða framfarir og setja markmið fyrir komandi tímabil. Þessi samtöl eru mikilvægur liður í að tryggja að hvert barn fái þann stuðning sem það þarf.

Til að halda foreldrum upplýstum sendum við vikulegan föstudagspóst til allra foreldra, þar sem farið er yfir það helsta sem hefur gerst í vikunni og hvað er framundan. Auk þess setja deildirnar reglulega inn ljósmyndir úr leik og starfi barnanna, sem gefur foreldrum innsýn í daglegt líf á leikskólanum og það sem börnin eru að fást við, hver deild setur inn myndir í hverri viku.

Með því að viðhalda góðum tengslum og stöðugum samskiptum við foreldra stuðlum við að vellíðan, öryggi og árangri barnanna okkar í leikskólanum Árborg. Við leggjum áherslu á mikið og gott upplýsingaflæði til foreldra og erum með vikulegan fréttapóst þar sem farið er yfir starf vikunnar og einnig farið yfir viðburði komandi viku. Þessir póstar eru fastur liður og fer einn póstur frá skólanum í heild til allra foreldra. Umsjónamaður fréttapósta er Elín Huld verkefnastjóri. Deildarstjórar og aðrir starfsmenn koma upplýsingum til Elínar sem setur saman póstin. Annar liður í góðu upplýsingaflæði til foreldra eru vikulegar myndir á Vala app. Allar deildir taka myndir úr leik og starfi og deila þeim með foreldrum. Þetta hefur vakið mikla lukku meðal foreldra og starfsmanna.

## 12 Skipulagsdagar og leikskóladagatal.

6 skipulagsdagar eru á hverju skólaári í leikskólum Reykjavíkurborgar. Lokað á skipulagsdögum. Þrír þeirra eru sameiginlegir með öðrum grunn- og leikskólum í hverfinu, hinir þrír ekki.

- **27. september 2024, föstudagur**                      **Sameiginlegur**
- 11. október 2024, föstudagur
- **22. nóvember 2024, föstudagur**                      **Sameiginlegur**
- 10. janúar 2025, föstudagur
- **6. febrúar 2025, fimmtudagur**                      **Sameiginlegur**
- 4. apríl 2025, föstudagur

# Leikskóladagatal 2024-2025.

Samband íslenskra sveitarfélaga		Leikskóladagatal 2024 - 2025												Nafn leikskóla: <input type="text" value="Leikskólinn Árborg"/>		
ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ						
1 F	Sumarfrídagur	1 S	Öflugdagur	1 F	1 S	1 M	1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 M
2 F	Sumarfrídagur	2 M	2 L	2 M	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 S	2 M	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 Þ	3 F	3 M	3 M	3 M	3 M	3 M	3 M	3 M	3 M	3 M	3 M
4 S	4 M	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L
5 M	Frídagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 M	5 M	5 M	5 M	5 M	5 M	5 M	5 M	5 M
6 Þ	Sumarfrídagur	6 F	6 S	6 M	6 L	6 M	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 M
7 M	Sumarfrídagur	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 M	7 M	7 M	7 M	7 M	7 M
8 F	Leikskólinn opnar	8 S	Dagur læsa	8 Þ	8 M	8 M	8 L	8 L	8 L	8 L	8 L	8 L	8 L	8 L	8 L	8 L
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 S	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 M	10 M	10 M	10 M	10 M	10 M	10 M	10 M
11 S	11 M	11 F	Skipulagsdagur	11 M	11 M	11 L	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M
12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M	12 M
13 Þ	13 F	13 M	13 L	13 M	13 M	13 F	13 S	13 M	13 F	13 S	13 M	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M
14 M	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 Þ	14 F	14 M	14 M	14 M	14 M	14 M	14 M	14 M	14 M	14 M	14 M
15 F	15 M	15 F	15 L	15 M	15 M	15 F	15 S	15 M	15 F	15 S	15 M	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M
16 F	16 M	Dagur íslenskra ríttisa	16 M	16 L	Dagur íslenskra barna	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 S	16 M	16 L	16 Þ	16 F	16 S
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M	17 M
18 S	18 M	18 F	Bleikur dagur	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L
19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 Þ	19 F	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M	19 M
20 Þ	20 F	20 M	20 L	20 M	20 M	20 F	20 S	20 M	20 F	20 S	20 M	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 M
21 M	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M	21 M
22 F	22 M	22 F	22 L	22 M	22 M	22 F	22 S	22 M	22 F	22 S	22 M	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M
23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M	23 M
24 S	24 M	24 F	24 L	24 M	24 M	24 F	24 S	24 M	24 F	24 S	24 M	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M
25 M	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ	25 Þ	25 F	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M	25 M
26 Þ	26 F	26 M	26 L	26 M	26 M	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 M	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M	27 M
28 M	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M	28 M
29 F	29 M	29 F	29 L	29 M	29 M	29 F	29 S	29 M	29 F	29 S	29 M	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 F	30 M	30 F	30 L	30 M	30 M	30 F	30 S	30 M	30 F	30 S	30 M	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M
31 L	31 Þ	31 F	31 S	31 Þ	31 Þ	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M	31 M

**Í reglum um leikskólabjónustu segir:**  
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskólum.



### **13 Fylgiskjöl**

10.1 Umsögn foreldraráðs

10.2 Önnur fylgiskjöl (t.d. matsgögn).

F. h. leikskólans .....

---

Leikskólastjóri

Dagsetning

## Umsögn foreldraráðs:

*Við höfum lesið yfir starfsáætlun Árborgar fyrir skólaárið 2024-2025. Við samþykkjum þessa starfsáætlun fyrir hönd foreldraráðs leikskólans Árborgar.*

### **Foreldraráð leikskólans skipa:**

Olga María Long Þórhallsdóttir

Jóhanna Ýr Hallgrímsdóttir

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og

þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.

- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

### **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.